



Heimskringla.



XXXVI. ÁR

WINNIPEG, MANITOBA, MIDVÍKUDAGINN 29. MARZ 1922

NÚMER 26

CANADA

Fylkiþingið

Eftir fall stjórnarinnar, ráfuðu þingmennirnir nokkra daga með höndur í vösum um vígstöðvart. — Þingsalinn — sumir tómlætislegir á svip en aðrir aftur kátir og kekkilátir. Þeir litu á auða og rykuga stólana sem minti þá á hve valt veraldarlífið er og eftir að hafa staðið niðurlátir við borðið nokkra stund, yptu þeir öxlum, snéru við og fóru út. Það var ekki til neins að biða þarna, Þingsalurinn var nú ekki staður glaums og hávaða eins og oft áður. Hann líktist nú meira dauðra manna gróf. Þeir urðu að koma næsta dag til þess að heyrja úrskurð fylkisstjórnarinnar um þá nýja stjórnir yrði; það var ekki neitt um það að villast.

Ög loksins var vali hennar lokt. Verður ekki um það sagt: sjá, hér er eitthvað nýtt, því þessi bráðabirgðastjórn er engin önnur en Norræstjórnin sála og marg afdankaða. Auðvitað skiptir það litlu hver þessi bráðabirgðastjórn er, en viðkunnað hafið verði að hún hefði ekki verið þessi marg uppvakta fela fylkisbúa. En ef til vill hefir fylkisstjórnin þekt orðið sálarástand hennar og vita að hún mundi ekki hafna stjórnir tilboði sínu; en bjóða virtist þó mega hinum þingflokkuðum embættið líka. En það var ekki gert.

Aður en hún var skipuð til að fara með völdin, átti hún ráðstefnu með andstæðinga flokkum sínum á þinginu. Var tilgangurinn sá að fá andstæðingana til að ganga inn á samning við stjórnina um það, að ljúka nauðsynlegasta fjármálastarfi þingsins. Tókst þetta vel og var þar með nægilegt fylgi fengið fyrir Norræstjórnina, að halda áfram. Mun þessi fundur ekki hafa átt líttinn þátt í því, að Norræstjórninni voru afhent völdin aftur. Þeir sem í samsteypu eða samvinnu ráðstefnu þessari tóku þátt voru: fyrir hönd Norræstjórnarinnar, Norris, T. H. Johnson, McPherson; fyrir hönd Conservativa: Haig, Taylor; fyrir hönd verkamanna: Dixon, Bayley, Standbridge; fyrir hönd bændu: Robson, Mabb, Talbot. Fyrir hönd óháðra enginn. Eftir að fylgi þessara manna var fengið til þess að koma nauðsynlegustu fjármálum fylkisins fram, fór Norris fram á að öll dagkrá þingsins væri tekin fyrir og henni lokið, eins og ekkert hefði ískorist, og hún væri búin að gleyma því, að hún var feld. En þeirri fjarstæðu neituðu þingmenn hinna flokkanna.

Ög á þriðjudaginn s. l. viku tók þingið aftur til starfa, þetta samvinnunefndastæðing. Norræstjórnin hefir völdin að nafninu til, en þingforseti er nú enginn. Hann missir vald sitt með þessum nefndastæðingum. Verkefnið er nú ekki fölgandi í öðru en því, að samþykka fjárfærslu til almenns starfsreksturs fylkisins. Ög það starf hefir þinginu gengið vel, þó stundum hafi verið hæpið um samvinnuna og stjórnarandstæðingar hafi keyrt ýmsar veitingar í gegn. Án vilja stjórnarflokksins, Lengi var þrátt að um \$10,000 veitingu til Vega um öbygd landsvæði. Vildu sumir, (Queen og Armstrong) færa hana niður í \$1. Kom þá breytingartillaga um að minka veitinguna um aðeins \$1, frá stjórnarinnar; en þá kom breytingartillaga, en þá kom breytingartillaga um að færa alla veitinguna niður í \$2. En loks var upprunalega veitingin samþykkt og töpuðu því stjórnar-

andstæðingar. En þeir hafa samt komið ýmsu fram í sambandi við fjármálin, á móti vilja stjórnarinnar þó þeir töpuðu í þetta skifti. Ög þegar þessu máli var lokið, gekk afgreiðslan greiddara og stórum þingsins verður eflaust lokið þessa viku.

Frumvarpinu um að jarnbrautarlæstir gengu á sunnudögur til baðstæðanna, var frestað; var ekki álitnið verkefni nefndarþingsins að lögleiða það. Nýja skattafrumvarpið er einnig lagt fyrir og tillögunni um breytingu á kosninga aðferð úti í sveitum (The Single Transferable Vote) er og frestað af sömu ástæðum.

Hugur þingmanna eða stjórnarinnar virðist nú mestur orðinn við undirbúning kosninganna. En þó er þess muni fara fram um mánaðarmótin júní og júlí.

Sambandsþingið

Þegar hástæðisræðan eða boðskapurstjórnarinnar til þingsins hefir verið lesinn upp og kunnuggjörður, tekur við þessi langa og leiðinlega þvæla hvers þingmanns í andstæðingafl. Stjórn. að minsta kosti. Að gagnrýna hástæðisræðuna tekur helming þingtimans oftast. Ög þó er hástæðisræðan þannig vanalega, að hún er ekki nema yfirlit sem elta má og teygja á allar hundir eftir ástæðum; og eins og gefur að skilja ber gagnrýningin talsverðan dóm af því. Þingmenn koma allir til þingsins með ræður í kollinum. Kvæða hafa átt sér stað að þær væru samdar áður en þingmenn voru komnir. Má nærri geta hve djúp gagnrýning þær eru á hástæðisræðunni og því lík hætta stjórninni stafar af þeim. Ög þegar lokið er að flytja ræður þessar virðist á hyggjunum létt af þingmönnum um, þetta er vanagangurinn í því. Ög þingið austur frá hefir haldið honum áfram eins og að undanförmu. Þessum ræðum í sambandi við hástæðisræðuna er nú lokið þar. Er ekki hægt að segja annað en að þær hafi verið "meinlausar og gagnslausar, eins og þar stendur. Ef nokkrum sinni kæmi til þess, að tími þingsins yrði stuttur, mætti ekki annað betur missa sig af honum, en þessi ræðuhaldatími, þegar hvert mál er tekið út af fyrir sig til meðferðar, gefst tími til að athuga það og þá er þörfin meiri fyrir athugasemdir.

Í sambandi við hinn nýja bændaflokk á sambandsþinginu, er mesta tilbreytingin sem þar á sér stað. Hann hefir óneitanlega túlkað mál Vesturlandsins þar, því mál þau er mest hefir enn borðið á þinginu eru flutt af honum en það eru lækkuð flutningsgjalda á jarnbrautum og kornnefndarmálið. Á tollmálin er vala minst, enda stendur stjórnarflokkurinn illa að vígi í þeim, en þó alla auðmenn og iðnrekendur Quebec með sér, sem á móti lækkuð eða afnámi þeirra er. Eigi stjórnin í nokkrum erfiðleikum verður það í sambandi við jarnbrautir stjórnarinnar einna helst, eftir öllu enn að dæma. Ög hvaða stefnu hún tekur í þeim er enn ekki kunnugt, en litla breytingu mun hún hugsa sér að gera í þeim efnum.

Þegar fjármálin koma fyrir þingið gefst vanalega annað tækilíki fyrir þingmenn að beita mælaku sinni. En þau eru nú það næsta, sem til yfirvegunar koma. Svo mikið hefir verið látið í ljósi, að stjórnin ætli að færa útgjöldin á komandi ári niður um \$138,000,000. Er það gríðar upphæð og gott til slíks að vita, þó eftir sé nú enn að heyrja í hverju sparnaður þessi er fölginn. Tekjuhalli

C. N. jarnbrautanna er ávalt að minka. Ög nú þarf ekki á komandi ári að leggja stórfé í að taka yfir C. T. jarnbrautina eins og í fyrra. Rentur af herskuld Canada eru á þriðju milljón minni en s. l. ár. (Þær rentur af stríðsláðinu nema nú \$140,000,000.) Veiting til skipasmíða, verður um \$10,000,000, minni næsta ári en s. l. ári. Ög er sagt að sú veiting sé færð niður samkvæmt gerðum Washington fundarins. Einnig er dýrtíðar upphæð úr þjórnar hins opinbera fengu, afnumin og nemur það öðrum \$10,000,000 sem sparast við það. Eflaust má finna útgjaldsparnað þennan í fleiru og kemur það alt á daginn seinna. Nein ný störf er ekki líklegt að þingið ætli sér að ráðast í.

Í efri málstofnunni er sagt, að stæðisræði í sambandi við hjónaskilnaði sé einna mesta verkefnið. Aður var starf þetta auðvelt og aðeins 10 mál sem árlaga þurfti að eiga við í öllu landinu. Nú hafa öll fylkin utan Ontario og Quebec þessi mál sjálf með höndum. Samt eru nú úr þessum tveimur fylkjum um 140 hjónaskilnaðarmál til afgreiðslu í ár. Hversu þeim fjölgar áð frá ári orðið — er alvarlegt ihugunarefni.

Bruni í Amaranth

Stæðisliðinn föstudag föru 6 manns í bruna í Amaranth. Það var búð Max Warhofts er brann þar og fólkis er bana beið var fjölskylda hans ásamt honum sjálfum; bjó hún uppi yfir búðinni. Eldurinn kviknaði í búðinni niðri um kl. 3:30 að nóttunni; varð Warhoft þess áskynja og hljóp ofan á svefnkleðum sínum, en þegar þangað kom var eldurinn svo útbreiddur að ekki voru líkur til að hægt væri að slökkva hann; hljóp hann þá í næsta húsið megin við götuna — um 50 fet frá búðinni — og hrópaði á hjálp þar til að bjarga einhverju úr bunanum. En eldurinn lék skjótt um bygginguna og ætlaði Warhoft fyrst að ná fjölskyldunni út. En jafnvel það varð honum óförun, því hann kom ekki og enginn af fjölskyldunni, aftur út úr brunanum. En eldurinn lék svipstundu, en gátu ekkert aðhafast, enda var byggingin úr timbri og stóð í björtu báli innan fárra mínútna.

Uppþök eldsins er mönnum ókunnugt, en yfirvöldin hafa fengið grun um að innbrotspjófari muni hafa verið eitthvað við þetta riðni, og byggja grun sinn á því að peningaskápurinn hafði fundist brotin upp í rústinum, á þann hátt að þeim bykir ólíklegt að það hafi komið fyrir er byggingin hrundi saman. Rannsókn er því hafin.

Indíánafundur.

Sex þjóðflokkar Indíána í Canada ætla að hafa fund mikinn í Oswego í Ontario 13. apríl n. k.; er sagt að þeir ætli að ræða þar um angletti þá sem þeir hafi orðið að þola af hvítu íbúnum í landinu og stíga einhver spor til þess að það verði réttlætt eða bætt. Í hverju þetta ranglæti er fölgandi er enn ekki kunnugt. En haldið er að það eigi röt að rekja til gamalla samninga milli hvíttra manna og þessara frumbyggja landsins og komi fram í því, að réttindin sem veitt voru Indíánum séu hugar fyrir fúa hina upplýstari af þeim, en séu beinlínis veitt þeim á kostnað hinna óupplýstari og þeirra sem ekki vilja semja sig að lögum hvíttra manna; að hinir veselli líði þeir þá sem ofar þeim standi, er grundvöllurinn segja þeir í þeim samningum.

Hvort að þessu verður breytt eða að nokkru bætt Indíánunum er eftir að vita. En um einhverja vakningu í sjálfstæðis eða frelsisátt virðist þarna vera að ræða hjá þeim.

\$1,500,000 veiting.

Hon E. Lapointe fiskiveiða og útvegsráðgjafi sambandastjórnarinnar ætla að leggja frumvarp fyrir þingið um að \$1,500,000. sé veitt til hafnargerðar í Quebec.

Verða vinnulausir.

Í sambandi við frumvarp sem fyrir sambandsþingið kemur bráðlega um að minka útgjöld til her- og útbúnaðar, verða 300 manns vinnulausir ef frumvarpið verður samþykkt, og eru þar á meðal ýmsir háttstandandi menn í hermáláþjónustunni, t. d. Sir Willoughby Gwatkin aðal eftirlitsmaður (Inspector General) og Major General Sir Henry Burstall. Deildum þeim sem fækkað verður voru flestar settar á stofn á stríðstíðunum.

Flutningar eykt.

Vöru-flutningar á C. T. jarnbrautinni hafa aukist síðastliðin ár um 41%.

Kallaðir fyrir rétt.

Sir Hugh Montagu Allan formaður Merchantsbankans og D. C. Macaraw meðstjórnandi hafa verið kallaðir fyrir dómstólana í Ottawa til þess að svara ákærum er á þá eru bornar í sambandi við gjaldþrot Merchantsbankans. Ákærunar eru fölgur í því að þeir hafi ekki gefið stjórninni réttar skýrslur um hag bankans. Er sagt að sökin sé alvarleg sem á þeim hvílir fyrir þetta og er bent á að fyrir svipaða framkomu hafi málur áður fengið 5 ára fangelsisvist. Merchants bankinn varð að selja út og taka boði Imperi. Bankans þó lagt væri sökum fjárförðugvarinnar sem hann var kominn í.

BANDARÍKIN.

Gott kaup fyrir boltaleikanda. Babe Ruth hefir hæst kaup af öllum íþróttamönnum heimsins. Árskaup hans nemur \$75,000 til \$100,000 og þar á, ofan fær hann \$500, fyrir hvern Baseball vinning sem hann gerir.

Talpraða deiling.

Nedansjavar talpraði þá sem teknir voru af Þýzkurum gegnum stríðið er nú verið að útdæla. Hefir Fletcher utanríkisráðherra Bandaríkjanna afhent skýrslu því viðvikjandi til sendiherra Bretlands, Frakka, Ítala og Japa.

Nýstærlegt þótti það þegar gamall bóndi, Jón Marchclorvitz ók inn til bæjarins Red-Wing í Minnesota á uxapari. Hestarnir urðu knarrreistir, bílarnir stönsuðu og fólk safnaðist saman á strætum úti til að horfa undrandi á það sem þó var alvanalegt fyrir 30 ára man.

Innflutningur til Canada.

Eftir öllu útliti að dæma verður útlutningur frá miðríkjunum, einkum Indiana og Illinois meiri á komandi sumri en verið hefir til margra ára og er hártu rentu og háum skattalögum um kent, Mr. C. J. Broughton innflutningsumráðgjafi Dominionstjórnarinnar í Chicago, sem þar hefir dvalið síðastliðin 25 ár, spáir því að þetta ár muni sjá þann stærsta innflutning til Canada sem nokkurntíma áður hafi sést og muni

Bandaríkin leggja þar til drjúgan skerf af nýtu og göðu bændafólki. Fjórutiú og nýju jarnbrautarvagnhlöss fyrir vélar og húsmuni segir hann að nú þegar sé búið að biðja um er öll eigi að fara til Canada.

Akra. og kvæðisræktarlán

nema nú \$4,802,000 samkvæmt skýrslu innanríkisfjármálaráðgjafans. Af láni þessu hefir Minnesota tekið \$467,000, Iowa \$340,000, North Dakota \$516,000, South Dakota \$497,000 og Wisconsin \$81,000.

Stofnstrá félags heimkominna kvenna úr stríðinu.

Fjárfundunarkonur sem unnu að einhverju leyti við stríðið mikla og þær konur er að því hjálpuðu og til Evrópu fóru hafa lagt beiðni fyrir þingið um löggilding stofnstrá félags þeirra.

Gulu-ár þjóðgarður (Yellowstone Park)

Að Livingstone, Mont. var mikil hafið haldin þann 1. þ. m., í til efni af því að 50 ár voru þá liðin frá því að U. S. Grant hershöfðinginn frægi og þáverandi forseti friðhelgaði með lögum þennan mikla skemtigáð sem nú er heimsfrægur orðinn.

BRETLAND

Írland.

Astandið á Írlandi er að verða afskaplega alvarlegt. Nýju stjórnirnar þar, bæði í Norður- og Suður Írlandi, horfast nú í augu við erfiðari tíma en þær hafa nokkrum sinni áður gert síðan að þær komust á fót. Á landamærum Norður- og Suður Írlands, er herlið frá Sinn Feinum sem liggur í stöðugum öfriði við lögreglu Norður Írlands, og víg og manndráp í stórum og smáum stíl eru þar framið. Umferð er hæft og jarnbrautabryr spengdar í loft upp og allskonar óskundi hafður í frammi. Griffiths-Collins-stjórnin er sama sem valdlaus og gerðir hennar að engu metnar af lýðveldissinnum. Halda sumir að Fri-rikið Írland sé úr sögunni. En þó er verið að reyna að rétta það við og styrkja ennþá. Hvort það tekst er eftir að vita. Sinn Feinar liggja í skotgröfunum og þykjast hafa Suður-Írland á sínu valdi, og um það sé að gera að verjast þjóðbræðrum sínum norðan landamæra. Brenna þeir upp og eyðileggja hús og eignir í nánd við landamærin, svo að Íslámarn flýja burtu. Sinn Feinar hafa bæði loftför til að njósna um gerðir Norðan-manna og hafa lgt gaddavirgðingar fyrir fram ann skotgrafir sínar; virðist því ekkert skorta á að þarna sé fullkomin viggubúnaður á ferðinni og von á alvarlegum bardaga, og það litist sem lögregla norðurbúa hefir reynt að gera til þess að bæla nið ur öeyrðir þessar, hefir alt verið ónýtt og hún rekin til baka. Collins annar stjórnarleiðtogi Suður-Írlands og Craig stjórnarformaður Norður-Írlands, voru báðir kallaðir til Englands um helgina. Að nokkuð verði gert bráðlega til þess að ráða bót á þessu ástandi, er ekki sjáanlegt.

Canadískar vörur auglýstar í Englandi.

S. S. Phillips, formaður félags í Toronto sem gengur undir nafni Hill & Co., er á Englandi um þessar mundir að líta sér eftir byggingu til þess að hafa í sýnisbörn af canadískum vörum sér

hann býst við að selja þar mikið af á komandi ári.

Skólar í fjárþröng.

Skólarnir Oxford og Cambridge á Englandi eru í mikilli fjárþröng. Hefir stjórnin látið rannaka hag þeirra, Komast nefndin in rannsóknina hafði með höndum að þeirri niðurstöðu, að í stað 33,000 sterlingspunda sem hvorum skóla er veitt, þyrfti að hækka veitinguna um 100,000 st. pd. til hverju skóla. Veiting þessi hefir verið samþykkt af stjórninni. Laun kennara við þessar heimsfrægu stofnanir hafa verið lá, og kennarar sem þar hafa verið sefistarfir sínu, hafa ekki vegna efnaleysis getað hætt starfi þó komnir væru hátt á áttæðisaldur. Það hefir ekki sannað á þeim það sem kaupsalumenn sumir halda um sjálfa sig, nefnilega, að þeim sé borgað fyrir það sem þeir vita, en ekki fyrir það sem þeir gera, því eitthvað hljóta þessir kennara að vita líka.

ÖNNUR LÖND

Gandhi dæmdur.

Gandhi leiðtogi lýðfrelsisinna á Indlandi sem tekinn var fastur nýlega, hefir nú verið dæmdur til 6 ára fangelsisvistar. Hann bar ekkert af sér af því er honum var til saka fundið og þakkaði dómurinum fyrir kurteisri sýfnda sér við málrannsóknina. Það hafa ekki orðið mörg upphöf á Indlandi síðan Gandhi var settur í varðhald, en dömur þessi óttast margir að verði ekki til þess að sefa skap fylgismanna hans.

Olympískir leiknir 1924.

Franska stjórnin hefir falið utanríkisráðuneyti sínu að annast, af Frakka hálfu allan undirbúning Olympísku leikanna 1924 og hefir samtímis verið lagt fyrir þingið frumvarp um, að veita 20 milljónir franska fjárstyrk til leikanna. Hefir verið deilt um það hvort leikarnir skyldu hafið í París eða öðrum frönskum bæ, en nú er það fyllilega afáðið að þeir verði í París.

Olympíunefndin — en formaður hennar er de Conbertin barón — krafðist þess, að lé yrði veitt til þess að byggja nýtt leiksvið er tæki 100,000 manns og kvaðst segja af sér ef þessu fengist ekki framgengt. En borgarstjórnin vildi láta notast við Pershing-leiksviðið gamla, sem aðeins tekur 25,000 manns. Nú hefir stjórnin tekið að sér málið og vill veita hærri styrk, en nokkurntíma hefir verið veittur áður, svo að nýja leiksviðið geti komist upp og leikarnir 1924 orðið stórfeldari en nokkurntíma áður.

Tafþing

var nýlega haldið í Haag fyrir alla Evrópu. Talskonungur varð austurrískur maður, Alechin. Næstir urðu Pólvérjar tveir, Totskorver og Rúbinstein.

Lenine

Lenine stjórnarformaður á Rússlandi talaði á ársfundinum manna í Moskva nýlega og lét þar í ljósi, að honum væri gefðfelt að vera á Genf-fundinum og einkum að finna Lloyd George að máli.

Mannfall Rússa.

Mannfall Rússlands í stríðinu mikla er talið 14,000,000 í skýrslu er lögð verður fyrir fundinn í Genf af Soviet-stjórninni.